

Ed.

532. Frumvarp til laga

um heimild fyrir sýslu- og bæjarfélög til að starfrækja lýðskóla með skylduvinnu nemenda gegn skólaréttindum.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Heimilt skal sýslunefndum og bæjarstjórnnum að ákveða það lýðskólafyrirkomulag innan sýslu- eða bæjarfélagsins, að allir ungir menn verkfærir á aldrinum 18 ára vinni kauplaust líkamleg störf í þarfir síns sýslu- eða bæjarfélags, þar sem þeir eiga heimili, 7 vikur að vorlagi, gegn ókeypis húsavist og kennslu við verklegt og bóklegt nám í skóla í 6 mánaða tíma annanhvörn næstu tveggja vetra eftir að vinnan hefir farið fram.

Þó skulu undanþegnir skylduvinnu allir þeir, er innan 18 ára aldurs hafa stundað að minnsta kosti eins vetrar nám við annan skóla en barnaskóla.

Heimilt skal og sýslu- og bæjarfélögum að ákveða samskonar skólafyrirkomulag fyrir ungar stúlkur á aldrinum 18 ára, með öllum hinum sömu skyldum og réttindum og ákveðið er í lögum þessum, að skuli gilda fyrir pilti.

Þó skal ekki byggja skóla fyrir stúlkur í neinu sýslu- eða bæjarfélagi fyrr en reynsla nokkur er fengin af piltaskóla í sama héraði.

2. gr.

Nú lízt meiri hluta sýslunefndar eða bæjarstjórnar að starfrækja lýðskóla með slíku fyrirkomulagi, og skal það þá með leyningri atkvæðagreiðslu borið undir alla kjósendur til sýslunefndar eða bæjarstjórnar, og skal um atkvæðagreiðsluna fara á sama hátt og segir í lögum um kosningar til Alþingis.

3. gr.

Ef $\frac{2}{3}$ hlutar allra kosningabærra manna í sýslunni eða bænum samþykkja starfrækslu lýðskóla með slíku fyrirkomulagi, þá skal fullkomið skólahús, þegar fé er veitt til þess í fjárlögum, af þeirri stærð, er áætlað nemendatal í sýslunni eða bæjarfélaginu útheimtir, byggt á kostnað ríkissjóðs á þeim stað, er viðkomandi sýslunefnd eða bæjarstjórn ákveður og yfirstjórn fræðslumála getur fallizt á.

4. gr.

Hætti sýslu- eða bæjarfélag að starfrækja skóla með þessu fyrirkomulagi áður en 40 ár eru liðin frá þeim tíma, að skólahúsið var fullgert, skal sýslu- eða bæjarfélag endurgreiða til rikissjóðs byggingarkostnaðinn á 40 árum. Þó skal dragast frá $\frac{1}{40}$ hluti þess fjár fyrir hvert ár, sem skólinn hefir verið starfræktur samkvæmt lögum þessum.

5. gr.

Með reglugerð, er viðkomandi sýslunefnd eða bæjarstjórn semur og samþykkir og yfirstjórn fræðslumála staðfestir, skal ákveða stjórn, tilhögun vinnunnar og skólans.

Þar má setja ákvæði um undanþágu að því er aldurstakmark nemenda snertir, svo og sektarákvæði gagnvart þeim, sem eru þess valdandi, að nemandi kemur eigi til skólavinnunnar, þegar hann er kallaður.

Skulu sektirnar renna í sýslu- eða bæjarsjóð.

Loks má í reglugerð setja ákvæði um það, að þann tíma skólaársins, er vinnan og skólinn stendur eigi yfir, sé hverjum nemanda heimilt að leita sér atvinnu þar, sem hann vill, án þess að leysa lausamenskuleyfi, og sömuleiðis ákvæði um það, að ef einhver nemandi vill eigi nota rétt sinn til skólans, þá standi plássið hverjum þeim opið, er stunda vill nám í skólanum lengur en einn vetur.